

**Titill:** Blekkingar hugans – hugsun og ákvarðanatoka

**Skammstöfun:** SÁLF3CB05

**Námsgrein:** Sálfræði

**Viðfangsefni:** Hugræn sálfræði

**Prep:** 3

**Einingafjöldi:** 5

### **Lýsing:**

Í áfanganum gefst nemendum tækifæri að læra um helstu hugtök og kenningar innan hugrænnar sálfræði sem snýr að hugrænni starfsemi og hegðun. Fjallað verður ítarlega um hugtök eins og rökhugsun, ákvarðanatöku, verkefnalausn, dómgreind, venjur og hugrænar villur ásamt því að yfirfæra þau á daglegt líf. Nemendum verður gert grein fyrir þeim þáttum sem hafa áhrif á hugræna starfsemi, þá sérstaklega ákvarðanatöku, og þeim ferlum sem leiða að óskynsamlegum ákvörðunum og réttlætningum þeirra. Einnig verður sérstaklega farið í áhrif hins stafræna heims, þar á meðal tækni og samfélagsmiðla á hugræna starfsemi. Sérstök áhersla verður lögð á að efla gagnrýna hugsun nemenda með því að auka víðsýni og rökhugsun ásamt sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum. Þau verða þjálfuð í því að geta vegið og metið rök og upplýsingar um álítaefni innan sálfræði meðal annars með því að geta lesið í og metið fræðilegar heimildir ásamt því að geta gert greinarmun á vísindum og gervivísindum.

**Forkröfur:** SÁLF2BT05/SÁLF2BÞ05

### **Þekkingarviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum og kenningum sem fjalla um hugræna starfsemi eins og rökhugsun, ákvarðanatöku, verkefnalausn og dómgreind
- tengslunum milli hugrænnar starfsemi og myndun venja
- þeim hugrænu villum sem geta haft áhrif á hugræna starfsemi og hegðun
- þeim þáttum sem hafa áhrif á ákvarðanatöku og þeim ferlum sem leiða að óskynsamlegum ákvörðunum
- þeim áhrifum sem hinn stafræni heimur, þ.á.m. tækni og samfélagsmiðlar, geta haft á hugræna starfsemi og hegðun
- þeim ólíku aðferðum við rannsóknir á hugrænni starfsemi og hegðun

### **Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nefna, útskýra og bera saman helstu hugtök og kenningar sem fjalla um hugræna starfsemi eins og rökhugsun, ákvarðanatöku, verkefnalausn og dómgreind
- bera kennsl á og skýra frá ólíkum aðferðum við rannsóknir á hugrænni starfsemi og hegðun
- beita vísindalegri hugsun og vinnubrögðum
- nýta rannsóknaraðferðir og þekkingu hugrænnar sálfræði til að hanna nýjar rannsóknir

- gera vandaðar sálfræðirannsóknir frá grunni og skrifa tilraunaskýrslur eftir reglum sálfræðinnar
- nota viðurkenndar heimildir og gera greinamun á þeim og léttvægum
- gera greinamun á vísindum og gervivísindum

### **Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tengja efni áfangans við eigið líf og skoða eigin hegðun og annarra út frá kenningum og hugtökum hugrænnar sálfræði
- gagnrýna hugtök, kenningar og aðferðir innan hugrænnar sálfræði
- mynda sér skoðanir á efni áfangans og sálfræði almennt á forsendum gagnrýnnar hugsunar
- rökræða álitaefni innan sálfræði af þekkingu og heilbrigðri skynsemi
- setja fram eigin rannsóknarniðurstöður á skipulegan og skýran hátt
- vega og meta rannsóknarniðurstöður með gagnrýnum hætti
- vega og meta gildi ólíkra heimilda

### **Námsmat:**

Rannsóknarverkefni, tímaverkefni, tímapróf.